

Mánudaginn 8. júní 1998.

Nr. 212/1998.

Ákærvaldið

(enginn)

gegn

Birgi Guðmundssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Kærumál. Öryggisgæsla. Kærufrestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 22. apríl sl., þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um, að hann yrði látinn laus úr öryggisgæslu. Um kæruheimild vísar varnaraðili til lokamálsliðar 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hann látinn laus.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var rekið í héraði samkvæmt lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af tilvitnuðu ákvæði lokamálsliðar 62. gr. laga nr. 19/1940 leiðir, að ákvörðun dómstóls um, hvort ráðstafanir, sem nánar eru tilgreindar í lagagreininni, skuli teljast lengur nauðsynlegar, megi skjóta til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum. Samkvæmt endurríti úr þingbók var varnaraðili viðstaddur uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, jafnframt því, sem þar er bókað, að tilsjónarmanni varnaraðila verði sendur úrskurðurinn þegar sama dag með tryggilegum hætti. Ekkert er fram komið í málinu um, að það hafi ekki verið gert. Var því liðinn kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991, þegar kæran barst héraðsdómi 5. maí 1998, og verður málinu af þeim sökum vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 22. apríl 1998.

Ár 1998, miðvikudag 22. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. R-1/1998: Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður vegna Birgis Guðmundssonar gegn dómsmálaráðuneytinu, kveðinn upp svofelldur úrskurður.

I.

Með bréfi, dagsettu 6. febrúar 1998, er barst dóminum 10. sama mánaðar, gerði Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður, tilsjónarmaður Birgis Guðmundssonar, kt. 120160-3709, þá kröfu, að Birgir yrði látinn laus úr öryggisgæslu.

Mál þetta var þingfest 24. mars sl., en tekið til úrskurðar sama dag að loknum munnlegum málflutningi. Í því þinghaldi krafðist sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi 24. mars sl. fékk sóknaraðili gjafsókn í máli þessu.

Af hálfu varnaraðila, dómsmálaráðuneytisins, er þess krafist, að hafnað verði kröfu sóknaraðila og málskostnaður á milli aðila felldur niður.

II.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1996 var Birgi Guðmundssyni gert að sæta öryggisgæslu á víðeigandi stofnun samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt dóminum var talið sannað, að Birgir hefði gerst sekur um brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa 18. október 1995 á heimili móður sinnar og stjúpföður slegið Ingólf Sigurðsson, stjúpföður sinn, nokkrum sinnum í andlit og ógnað honum með brauðhníf. Hlaut Ingólfur af árás þessari tvo litla skurði í andlit ásamt mari og fleiðri á hægri kinn.

Þá var Birgir fundinn sekur um brot gegn 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa 16. apríl 1996 tekið í heimildarleysi bifreið Ingólfs og ekið henni um götur Reykjavíkur og út í sjó við Nauthólsvík með þeim afleiðingum, að sjór flæddi yfir bifreiðina og hún skemmdist.

Þá var Birgir einnig fundinn sekur um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, fyrir að hafa að kvöldi fimmtudagsins 11. júlí 1996 ruðst í heimildarleysi inn á heimili móður sinnar

og Ingólfs og ráðist á Ingólf, sem þá var á níraðisaldri, fellt hann í gólfið, sest ofan á hann og veitt honum alvarlega áverka á báðum augum með því að stinga fingrum djúpt meðfram augunum og undir þau með þeim afleiðingum, að augnvöðvar slitnuðu, slímhimnur sköðuðust og hægra augnlok rifnaði að mestu af. Ingólfur fékk auk þess maráverka á háls og vinstri síðu.

Í dóminum er rakin skýrsla Hannesar Péturssonar geðlæknis, dagsett 12. ágúst 1996, en hann var fenginn til að kanna geðhagi Birgis.

Ályktun læknisins er svofelld:

„Það er álit undirritaðs, að Birgir Guðmundsson sé haldinn formlegum geðsjúkdómi, geðklofa (schizophrenia paranoides), og hafi átt við þau veikindi að stríða, þegar verknauður sá varð, er mál þetta snýst um. Eins og framangreind gögn bera með sér, hefur umrædds geðsjúkdóms gætt mörg undanfarin ár og m. a. einkennst af ranghugmyndum, sem að líkindum hafa leitt til árekstra og erfiðleika í samskiptum milli Birgis og stjúpa hans. Jafnframt hefur sjúkdómurinn valdið sjúklegum breytingum í tilfinninga- og viljalífi. Birgir hefur þurft á verulegri félagslegri aðstoð að halda undanfarin ár og verið til meðferðar á geðdeildum í meira en áratug. Samhliða framangreindum sjúkdómi hefur Birgir einnig sótt sér meðferð vegna áfengissýki og misnotkunar annarra vímuefna og lyfja.

Verði Birgir fundinn sekur um verknauð þann, er mál þetta snýst um, er líklegt, að orsaka sé helst að leita í framangreindum ranghugmyndum og öðrum sjúklegum breytingum, sem orðið hafa á hugsanagangi, vilja- og tilfinningalífi. Það er álit undirritaðs, að á þeirri stundu, er framangreindur verknauður var framinn, hafi Birgir Guðmundsson búið við verulega skerta dómgreind og raunveruleikamat vegna framangreinds geðsjúkdóms og verði því að teljast ósakhæfur. Einnig er ljóst að mati undirritaðs, að refsing mun ekki bera árangur í þessu tilviki. Birgi er sem fyrr nauðsynlegt að njóta reglubundinnar meðferðar og eftirlits hjá geðlækni og mun áfram þurfa á verulegri félagslegri aðstoð að halda.“

Í niðurstöðum Héraðsdóms Reykjavíkur segir, að Birgir hafi verið haldinn geðsjúkdóminum geðklofa (schizophrenia paranoides) mörg undanfarin ár, sem hafi að líkindum leitt til árekstra og erfiðleika í samskiptum ákærða og stjúpföður hans, en öll brot Birgis, sem um ræðir, hafi beinst gegn stjúpföður hans. Ljóst sé, að geðsjúkdómur Birgis hafi verið á því stigi, er hann vann verk sitt fimmtudaginn 11. júlí 1996, að hann hafi verið með öllu ófær um að stjórna gerðum sínum á þeirri stundu og því ósakhæfur. Þá er og talið langlíklegast, að Birgir hafi einnig verið haldinn sjúkdóminum á því stigi, að hann hafi verið óábyrgur gerða sinna, er hann framdi hin brotin.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk Birgis. Gerði hann kröfu um sýknu af refsikröfum ákærvalds og að hnekkt yrði ákvörðun héraðsdóms um vistun sína á viðeigandi stofnun. Til vara krafðist hann þess, að vægari ráðstafanir yrðu ákveðnar samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir Hæstarétt var lagt fram nýtt skjal, „stöðuskýrsla um geðheilsu“ Birgis, dagsett 5. janúar 1997, samin af Grétari Sigurbergssyni réttargeðlækni, fyrrverandi yfirlækni að Sogni.

Í niðurstöðu skýrslunnar segir: „Ég tel, að of snemmt sé, að Birgir verði að fullu leystur úr öryggisgæslu nú þrátt fyrir verulegan bata. Þá tel ég, að fangelsisvist muni ekki bera árangur og sennilega verða skaðleg honum, hvað geðheilsu varðar og batahorfur.

Aftur á móti tel ég, að geðrænt ástand Birgis hafi batnað mikið á undanförunum mánuðum og að það megi fyrst og fremst þakka viðeigandi og samfelldri lyfjameðferð. Þrátt fyrir það að hann hafi áður verið augljóslega hættulegur ákveðnum aðilum við ákveðnar kringumstæður, þegar hann fékk ekki eða vildi ekki undirgangast meðferð, tel ég hann nú ekki lengur hættulegan umhverfi sínu sökum geðsjúkdóms síns á sama hátt og áður. Aftur á móti tel ég víst, að fyrri sjúkdómseinkenni hans muni taka sig upp á ný innan fárra vikna eða mánaða, fái hann ekki viðeigandi, samfellda lyfjameðferð í framtíðinni. Slíka meðferð, tel ég, að hægt sé að veita, þrátt fyrir það að Birgir sé ekki í strangri öryggisgæslu af því tagi, sem hann nú sætir.

Ýmis önnur úrræði en öryggisgæslu tel ég koma til greina, án þess að áhætta sé tekin. Fyrst og fremst er undirstöðuatriði, að núverandi lyfjameðferð haldi áfram, þ. e. a. s., að hann fái geðlyf í forðasprautum reglulega til að halda alvarlegum sjúkdómseinkennum varanlega niðri. Tel ég, að verði það tryggt, muni ekki stafa hætta af Birgi, jafnvel þótt hann freistaðist til að nota fíkniefni í einhverjum mæli. Öll rýmkun á öryggisgæslu þarf þó að vera háð því skilyrði, að hann haldi sig frá vímuegðum. Þá er nauðsynlegt, að Birgi verði tryggt öruggt og reglubundið eftirlit geðlæknis og annars fagfólks. Slíkt eftirlit þarf að vera í höndum núverandi meðferðaraðila að Sogni, þannig að samfelld meðferð sé tryggð. Þá þarf hann mikinn félagslegan stuðning til þess að gera honum mögulegt að búa einn að einhverju leyti eða á sambylí með tímanum. Tel ég, að núverandi meðferðaraðilar séu færir um að veita slíkan stuðning, enda hafa þeir allnokkra reynslu af slíkri meðferð annarra einstaklinga, sem rýmkað hefur verið um öryggisgæslu á undanfarin ár eða losaðir hafa verið úr öryggisgæslu. Hefur stofnunin reynst valda vel slíku eftirliti.

Tel ég forsendur þannig hafa breyst, frá því að Héraðsdómur Reykja-

víkur kvað upp úrskurð um öryggisgæslu á videigandi stofnun, og að öryggisgæsla af því tagi, sem hann nú sætir, sé sennilega óþarflega ströng og íþyngjandi og hafi auk þess í för með sér, að tengsl Birgis við samfélagið rofni að nauðsynjalausu og batahorfur versni af þeim sökum. Tel ég því, að vel ætti að vera hægt að rýmka öryggisgæslu Birgis í áföngum á næstu mánuðum, verði um leið tryggt, að Sogn sinni áframhaldandi meðferð hans og eftirliti.

Vil ég gera að tillögu minni, að öryggisgæsla Birgis verði rýmkuð á þann hátt, að yfirlækni Meðferðarheimilisins að Sogni verði gert mögulegt, innan ákveðins ramma, að veita honum takmörkuð og tímabundin leyfi til reynslu og að afturkalla slík leyfi án fyrirvara, gefist tilefni til. Yrði þetta fyrirkomulag þá sambærilegt við það, sem í sænskum lögum um meðferð réttargeðsjúkra (LRV) kallast „delegation“ dómstóls til yfirlæknis. Slík tilhögun, tel ég, að yrði mjög til bóta og til þess fallin að auka möguleika til endurhæfingar og styttingar öryggisgæslu, sem ella gæti orðið allt að því ævilöng. Tel ég, að sú öryggisgæsla, sem Birgir nú sætir, geti tæpast talist videigandi með hliðsjón af geðrænu ástandi hans nú.“

Hæstiréttur staðfesti sakarmat héraðsdóms og heimfærslu til refsíákvæða. Einnig var staðfest niðurstaða héraðsdóms um ósakhæfi Birgis.

Þá segir í dómi Hæstaréttar: „Eins og fram er komið, telur Grétar Sigurbergsson réttargeðlæknir, að geðrænt ástand ákærða hafi batnað verulega, frá því að héraðsdómur gekk. Læknirinn telur bata þó ekki svo langt kominn, að rétt sé að leysa ákærða með öllu úr öryggisgæslu. Með þetta í huga þykja ekki næg efni til að breyta ákvörðun héraðsdóms um vistun ákærða á videigandi stofnun samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, enda er þess kostur samkvæmt ákvæðinu að leita úrlausnar dóms, ef aðstæður breytast.“

9. ágúst 1996 hóf Birgir dvöl á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi, en með bréfi, dagsettu 23. janúar 1997, var Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að vera tilsjónarmaður Birgis, en eins og áður segir, gerði hann með bréfi til dómsins 6. febrúar 1998 kröfu um, að Birgir yrði leystur úr öryggisgæslu.

Með bréfi dómsins 23. febrúar 1998 var óskað eftir því, að Magnús Skúla-son, yfirlæknir á réttargeðdeildinni að Sogni, léti dóminum í té skriflega umsögn um fram komna kröfu. Kom fram í bréfinu, að væri það álit læknisins, að efni væru til að aflétta öryggis meðferð, væri óskað eftir mati hans á þörf á eftir meðferð og jafnframt upplýst, hvort réttargeðdeildin gæti að fullu annast hana.

Við meðferð málsins gáfu skýrslur auk Birgis Guðmundssonar áður-

nefndir þrír geðlæknar og Ingólfur Helgi Þorláksson, öryggisgæslumaður að Sogni.

Fram kom í máli Birgis, að hann teldi sig hæfan til að takast á við lífið utan Sogns. Sagði hann sér líða vel, og væri hann í ágætu andlegu jafnvægi, en ranghugmyndir sínar væru nú horfnar og að hann myndi raunar ekki eftir þeim, þannig, að hann gæti skýrlega um þær talað. Kvaðst hann vera fús í lyfjameðferð að Sogni og að vegna hennar héldust veikindin alveg niðri.

Magnús Skúlason, yfirlæknir á réttargeðdeildinni að Sogni, staðfesti fyrir dómi svofellða umsögn sína, sem dagsett er 13. mars 1998:

„Með tilvísun til fyrirspurnar þinnar vegna máls Héraðsdóms Suðurlands no. R-1/1998 varðandi Birgi Guðmundsson, kt. 120160-3709, dags. 23. febr. 1998.

Undirritaður vill leyfa sér að vitna í fyrri skjöl, sem eru í vörslu héraðsdóms sem fylgiskjöl með bréfi Páls Arnórs Pálssonar, hvað varðar forsögu og bakgrunn sjúklings fyrir innlögn á Sogni 9/8 '97.

Sjúklingur er fæddur 1960. Móðir var þá fráskilin, en átti 5 börn af fyrra hjónabandi, sem fylgdu föður. Nokkru síðar tók hún saman við föður sjúklings, og áttu þau aðeins þetta eina barn, en faðir átti 6 börn með 3 konum fyrir sambúð með móður Birgis. Heimildir eru um, að nokkur óregla hafi verið á heimili Birgis, einkum af hálfu föðursins. Hann lést, er Birgir var 14 ára. Nokkru síðar tók móðir Birgis upp sambúð við stjúpföður Birgis. Samband þeirra stjúpfæðga var aldrei gott, sagt, að ýmislegt í fari Birgis hafi angrað stjúpföður, sem fremur er talinn hafa sýnt honum fálæti. Birgi sóttist nám fremur illa. Um 18 ára aldur eða um 1987 hófst misnotkun Birgis á áfengi og vímuefnum. Árið 1983 fór Birgir í sambúð, er varaði stutt, og hefur samband sjúklings við fyrrverandi konu og son verið mjög lítið. Fyrir 20 ára aldur fór Birgir í aðgerð á baki, og enn í dag sækir í ónot frá þessu að hans sögn og sókn í verkjalyf. Árið 1983 lenti sjúklingur í afplánun vegna auðgunarbrotis, ölvunaraksturs og fíkniefnabroti. Árið 1984 var hann fyrst lagður inn á geðdeild og settur á örorku. Síðan á hann langan feril á geðdeildum og vímuefnastofnunum að baki, en jafnan mun samstarf hans við geðdeildir og aðrar stofnanir hafa verið brokkgengt, og sér í lagi hefur lyfjataka verið stopul og sjúkdómsinsæi afar lítið. Alloft var um innlagnir gegn vilja hans að ræða, en svo komu kaflar, þar sem meðferð var mjög óregluleg. Þess má geta, að um tíma reyndi hann fyrir sér í störfum, var eitthvað á skipum, en stofnaði síðan fiskbúð, sem mun hafa orðið gjaldþrota. Félagslegt los var mikið, hvað búsetu snerti. Um skeið var hann tvisvar á heimili móður og stjúpa, en það gekk ekki, væntanlega vegna geðveilu sjúklings og ósamkomulags við stjúpa. Sagt er, að hann hafi í tvígang

ógnað stjúpa sínum, 1995 og 1996. Ranghugmyndir höfðu þá um langt skeið verið miklar, einkum í garð stjúpa, sem hann taldi hafa yfirnáttúrulegt vald yfir sér, einkum líffærum sínum og jafnvel lífi, og hafi stjúpi beitt augum sínum í þessum tilgangi.

Í júlí 1996 gerði sjúklingur atlögu að stjúpa og veitti honum alvarlega áverka á augum, og víasat um það í heimildir, sem fyrr getur. Sjúklingur var þá settur í gæsluvarðhald og skömmu síðar sökum ranghugmynda og fjölskrúðugra psychotískra einkenna dæmdur til innlagnar á Sogni 9. 8. 1996, á meðan geðrannsókn sjúklings lyki og dómur yrði felldur. Í geðrannsókn Hannesar Péturssonar komu fram margvíslegar ranghugmyndir og samhengisleysi í hugsun, sem leiddi til þess, að hann var dæmdur ósakhæfur og í vistun á réttargeðdeild. Þar var hann lyfjalaus að mestu til 23. 9. 1996, er formlegur dómur var felldur. Þá var hafin forðasprautumeðferð með virkum geðlyfjum, að vísu gegn vilja sjúklings, en hann samþykkti þetta þó að lokum. Eftir það fór að draga mjög úr æsingi hans og sýnilegum ranghugmyndum, og hefur sú þróun haldið áfram. Hvaða ranghugmyndir blunda þó undir niðri, þótt minna beri á opinni tjáningu um slíkt, er óljóst, en þó grunur um, að þær séu ekki horfnar. Hann hefur á ytra borði verið sáttur við meðferð, sem var í forðasprautum, en tók töflur ekki í mál aðrar en verkjatöflur og aukaverkanatöflur, er hann sótti fullmikið í og hafa ekki jákvæð áhrif á geðmeðferð hans, en benda fremur til fiknar. Framkoma Birgis hefur verið nokkuð þversagnakennd, hann er almennt félagslyndur og vingjarnlegur í viðmóti, en afar stífur og þrjóskur varðandi tillögur, er honum falla ekki. Á þetta einkum við um virkni á deildinni, gönguferðir og starfsþjálfun. Hann kys mikið að liggja fyrir í rúminu og ber við verkjum og þreytu. Aftur á móti tekur hann með glöðu geði þátt í ferðum á vegum deildarinnar. Þá kemur og til annað vandamál, en það er mikil sælgætisfíkn, raunar óhófleg matarfíkn, sem hefur valdið mikilli aukningu á þyngd, fjölda kílóa, sem er tvímælalaust mikið álag á hann líkamlega, væntanlega ekki síst bak. Marga samninga hefur verið reynt að gera við sjúkling um hófsemi og reglusemi í þessum málum, en því miður brostið mjög á um úthald og heldni sjúklings um samninga þessa. Kennslu á deildinni hefur sjúklingur ekki viljað þiggja, og virkni er mjög takmörkuð eins og áður segir. Þar er hann ákaflega stífur á meiningunni og bregst reiður við þrýstingi. Hann hefur þurft þrýsting varðandi hreinlæti. Hann hefur sýnt „motivation“ til að sækja AA-fundi, og hefur verið reynt að koma til móts við það eftir föngum. Sjúklingur hefur undanfarið sótt fast bærjarferðir, m. a. til móður og stjúpa, en það hefur ekki verið talið forsvaranlegt í ljósi fyrri atburða. Móðir sjúklings hefur takmarkaðan skilning á þessu. Sú málamiðlun hefur verið

gerð, að hann hefur fengið að fara til ættingja í Reykjavík, dagstund, þar sem hann hefur hitt móður sína, en með þeim virðist nokkuð kært. Þess má geta, að sjúklingur hefur aldrei farið af deildinni nema í fylgd gæslumanns. Þá skal þess getið, að sjúklingur hefur ekki sýnt neinum ofbeldi á deildinni, enda tæp ástæða til slíks.

Gert var sálfræðitest af Víði Kristinssyni, klínískum sálfræðingi, og skil- aði hann niðurstöðu 8. sept. '97. Í niðurstöðu hans segir svo orðrétt: „Um er að ræða einstakling, sem er óruggur með sjálfan sig, nokkuð hamlaður í hugsun, sérstaklega hvað varðar tilfinningalega þætti, og þá einkum, ef ytri aðstæður gefa tilefni til slíkra viðbragða. Á einum stað kemur fram schizofreniumyndað hugtak eða þegar hann segir við spjald 11 í T.A.T., þar sem honum sýnist þetta vera „innanvera“.

Í MMPI kemur fram, að Birgir sé nokkuð sjálfsupptekinn eða narcissist- ískur í hugsanagangi, sérstaklega um það, er varðar líkamsástand hans sjálfs. Karlmannleg áhugasvið eru túlkuð í lágmarki, en meiri áhersla á það, sem mætti kalla kvenleg áhugasvið.

Schizofrenskali er nokkuð hár, enda þótt viðmót hans og framkoma í prófunum séu fremur frjálslæg og óþvinguð. Kynleg viðbrögð í prófi voru þó á nokkrum stöðum, sérstaklega á úrlausn í MMPI-prófunum, þar sem hann kannast lauslega við hrossahlátur og kallaði þá í hvert skipti: „Ó, Jesús Kristur.“ Ég álit þó, að fáar spurningar í umræddu prófi geti flokkast undir að geta verið kallaðar fyndnar. Dæmi um sjálfsviðmiðaða athygli hans er, að í næstsíðasta skipti, sem hann kom, taldi hann sig skyndilega svo þreyttan, að hann gæti ekki haldið áfram, enda þótt lítið þyrfti til að ljúka prófinu. Það þurfti því að láta hann koma í þriðja skipti, til að það væri unnt.

Mér sýnist, að Birgir sé maður, sem þolir ekki mikið tilfinningalegt álag öðruvísi en að reyna að loka sig af. Ef það hins vegar er ekki mögulegt, er spurning, hvað skeður. Þá gætu viðbrögðin hugsanlega orðið hömlulaus eða hömlulítil. Hann sýnist hins vegar vera fremur rólegur í jafnvægisfullu umhverfi, og í slíku umhverfi virðist hann fremur glaðlegur og geta tjáð sig á frjálsléggan hátt gagnvart þeim, sem eru í umhverfi hans.“ Undirskriftað af Víði Hafberg Kristinssyni sálfræðingi.

Það er ákaflega erfitt að gera hættumat á Birgi, hvað varðar hættuna á endurteknum árásum af viðlíka tagi og áður. En það mun tvímælalaust háð eftirmeðferðinni (sjá hér á eftir).

Mat á horfum er þannig óljóst, og margt bendir til, að ranghugmyndir í garð stjúpa séu í gildi, þótt ekki sé sýnt, hvort sjúklingur er líklegur til að taka miklum framförum við mjög langvinna dvöl á Sogni, hvað það varðar.

Ljóst er, að eftirlit og eftirmeðferð verður að vera ákaflega „strúctúreruð“ bæði m. t. t. reglubundinnar lyfjameðferðar í samræmi við það, sem sjúklingur fær nú, og aðra lifnaðarhætti. Það er ekki mat deildarinnar, að sjúklingur sé fær um að búa einn. Sér í lagi hefði sérhæft sambýli á vegum réttargeðeildar verið ákjósanlegur kostur í nánum reglubundnum tengslum við göngudeildarþjónustu af hálfu fagteymis, sem því miður er hvort tveggja, fagteymi mjög skert og engin húsnæðisaðstaða til göngudeildarþjónustu né heldur sérhæft sambýli, svo að aðstöðunni er gríðarlega ábótavant. En á slíku eftirkontroli gætu horfur byggst, svo og hætta sú, er kynni að stafa af sjúklingi við endurupptöku hinna alvarlegu sjúkdómseinkenna hans. Ákvæði þyrfti að vera um það, að við versnun væri heimilt að leggja hann aftur inn á Sogn með litlum fyrirvara.“

Nánar aðspurður um skýrsluna fyrir dómi kvað yfirlæknirinn Birgi ekki hafa haft innsæi í sín mál, er hann kom fyrst að Sogni. Hann hefði nú öðlast nokkurt innsæi, sem þó takmarkaðist við þá nauðung, sem hann þyrfti að sæta að Sogni. Sem dæmi um þetta nefndi læknirinn, að Birgir féllist á að taka þau geðlyf, sem hann vissi, að ella yrði sprautað í hann með valdi, en neiti að taka önnur lyf, sem honum hefði verið ráðlagt að fá, m. a. til að minnka aukaverkanir af geðlyfjum. Kæmist Birgir upp með það, þar sem þau lyf væru í töfluformi og því ekki hægt að beita nauðung í því sambandi. Kvaðst læknirinn telja það sitt mat, að ekki væri óhætt að létta með einhverjum hætti á nauðungarvistun Birgis, eins og málum væri nú háttað, en bati Birgis yrði væntanlega hægur á næstunni.

Ingólfur Helgi öryggisgæslumaður, sem hefur haft mest saman við Birgi að selda, frá því að Birgir var vistaður að Sogni, taldi Birgi hafa sýnt mikil batamerki á því tímabili. Ranghugmyndir Birgis hefðu horfið á tæplega einu ári. Ástand Birgis væri nú gott og hefði í raun ekkert breyst síðustu 8–10 mánuði.

Grétar Sigurbergsson réttargeðlæknir staðfesti niðurstöður í fyrri skýrslu og kvaðst telja, að Birgir ætti að öllu óbreyttu að búa utan Sogns, þar sem vistun þar hefði vart bætandi áhrif á hann.

Hannes Pétursson geðlæknir nefndi, að hann hefði ekkert hitt Birgi, frá því að hann gerði framangreinda geðrannsókn á honum.

III.

Eins og að framan er rakið, skrifaði Grétar Sigurbergsson réttargeðlæknir, fyrrverandi yfirlæknir að Sogni, „stöðuskýrslu um geðheilsu“ Birgis Guðmundssonar 5. janúar 1997, og var skýrslan lögð fyrir Hæstarétt. Í skýrslunni kemur m. a. fram, að Grétar telur Birgi „... ekki lengur hættulegan umhverfi sínu sökum geðsjúkdóms síns á sama hátt og áður“. Síðar í

skýrslunni segir Grétar: „Vil ég gera að tillögu minni, að öryggisgæsla Birgis verði rýmkuð á þann hátt, að yfirlækni Meðferðarheimilisins að Sogni verði gert mögulegt, innan ákveðins ramma, að veita honum takmörkuð og tímabundin leyfi til reynslu . . .“ Að lokum segir Grétar: „Tel ég, að sú öryggisgæsla, sem Birgir nú sætir, geti tæpast talist viðeigandi með hliðsjón af geðrænu ástandi hans nú.“

Í skriflegri umsögn Magnúsar Skúlasonar frá 13. mars sl. segir hins vegar m. a.: „. . . Hvaða ranghugmyndir blunda þó undir niðri, þótt minna beri á opinni tjáningu, um slíkt er óljóst, en þó grunur um, að þær séu ekki horfnar.“ Síðar segir: „Þess má geta, að sjúklingur hefur aldrei farið af deildinni nema í fylgd gaslumanns.“ Enn fremur: „Mat á horfum er þannig óljóst, og margt bendir til, að ranghugmyndir í garð stjúpa séu í gildi, . . .“ Fyrir dómi staðfesti yfirlæknirinn skýrslu sína og sagði það sitt mat, að ekki væri óhætt að létta með einhverjum hætti nauðungarvistun Birgis, eins og málum væri nú háttáð, en bati Birgis yrði væntanlega hægur á næstunni.

Í ljósi umsagnar núverandi yfirlæknis að Sogni er ljóst, að Birgir hefur enn virk geðveikiseinkenni, og margt bendir til þess, að ranghugmyndir hans í garð stjúpa séu enn í gildi. Í samræmi við mat yfirlæknisins er það mat dómsins, að enn sem komið er, séu ekki næg efni til að aflétta þeirri öryggis meðferð, sem Birgir hefur sætt.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, 107.600 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur, auk virðisaukaskatts.

Úrskurð þennan kveður upp Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Þorgerði Erlendsdóttur, settum héraðsdómara, og Tómasi Zoëga geðlækni.

Uppkvæðning úrskurðarins hefur dregist nokkuð vegna mikilla anna dómsformanns.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns um lausn Birgis Guðmundssonar úr öryggisgæslu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður, 107.600 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur, auk virðisaukaskatts.